

Nr. 128 / 12 Ver RE 112**Sekkur í Reykjavíkurhöfn**

Skipaskr.nr. 0357
Smíðaður: Danmörku 1955, eik
Stærð: 28,2 brl. 31,4 bt.
Mesta lengd: 14,69 m Skráð lengd: 14,41 m
Breidd: 4,88 m Dýpt: 2,1 m
Vél: Caterpillar 240 kW, 1991
Langlegubátur



Ver©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. nóvember 2012 var Ver RE 112 við bryggju í Reykjavík. Veður: Hægviðri.

Um kl. 07:30 tók hafnarstarfsmaður eftir að báturinn var sokkinn í legu 161 í Vesturhöfn. Báturinn hafði legið í höfninni í rúmlega sjö ár en hann sökk á sama stað í júlí 2010. (Mál nr. 10010)

Eftir atvikið 2010 var sett lensidæla um borð og hún tengd við tengistaur á bryggjunni en svo virðist sem hún hafi verið tekin úr sambandi.



*Myndin sýnir Ver RE sokkinn í höfninni.
(MyndDV©Sigtryggur Ari)*

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin bendi á tillögu í öryggisátt sem legið hefur í afgreidd hjá Siglingastofnun Íslands í máli nr. 161/07 og ítrekuð hefur verið síðan.